

Nd.

455. Nefndarálit

[19. mál]

um dómvexti, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU :

1. gr. orðist svo:

Á tímabilinu frá stefnubirtingu til greiðsludags í dómsmáli skal dómari ákveða, að vextir af dómkröfu séu eigi lægri en nemur byggingarvísitölu eða annarri samþærilegri viðmiðun, sem taki sem fyllst tillit til varðveislu á verðgildi fjármagns.

Dómara er þó heimilt að gera frávik frá þessari reglu ef atvik þau, sem getið er um í 1. og 3. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, eiga við um stefnanda eða ef tekið hefur verið tillit til verðbólgu á ofangreindu tímabili við endanlega kröfugerð í málinu. Sama gildir í útvistarmálum, ef stefndi skilaði ekki greinargerð.

Alþingi, 13. mars 1979.

Vilmundur Gyfason,
form., frsm.

Gils Guðmundsson.

Einar Ágústsson,
fundaskr.

Árni Gunnarsson.

Svava Jakobsdóttir.

Matthías Á. Mathiesen.

Friðrik Sophusson.